

25.06.–04.10.2020

Allt sem sýnist What It Seems

Raunveruleiki á striga 1970–2020
Reality on Canvas 1970–2020

Fjölmargin listamenn sækjast eftir því að ná fram ímynd raunsæis í verkum sínum. Til að ná árangri tileinka þeir sér handbragð sem krefst bæði þjálfunar og tækni auk þess sem þeir gefa ýmsum smáatriðum gæm. Þegar vel tekst til vekja verk þeirra undrun og ánægju áhorfenda sem trúa vart sínum eigin augum. En er allt sem sýnist í málverkum og öðrum tvívíðum verkum sem unnin eru í raunsæislegum anda?

Þegar horft er yfir hálfra aldar sögu íslenskra raunsæismálverka kemur í ljós að listamenn færa sér þessi stílbrigði í nyt á afar ólíkum forsendum. Allt frá því að popplistin kom fram á sjónarsviðið á sjöunda áratugnum til hinnar stafrænu byltingar samtímans má rekja ótal þræði með viðkomu í natúralisma, ljósmyndaraunsæi, ofurraunsæi, töfraraunsæi og víðar. Viðfangsefnin eru af ýmsum toga; náttúran, manneskjan og nærumhverfi hennar, kyrralíf og frásagnir, miðlun myndmáls og eðli sjónsviðsins. Þar skarast gamalkunn mörk há- og lágmenningar, handverks og inntaks, listar og listlíkis. Raunveruleikinn tekur á sig ýmsar myndir þegar hann er dreginn upp á striga.

Á sýningunni er lögð áhersla á listamenn sem eiga það sameiginlegt að hafa varið lunganum úr sínum ferli í að takast á við hinn sýnilega veruleika og miðla í gegnum verk sín. Skáldskapur og abstraksjón koma þar óhjákvæmilega við sögu en mörkin eru sett við hreina fantasíu og súrrealisma. Í grunninn er um að ræða ferlið frá auga fram í fingurgóma og þaðan yfir á tvívíðan flöt. Misjafnt er hvað auga listamannsins dvelur við – milliliðalaust umhverfið eða miðla eins og ljósmynd og tölvuskjá. Sýningunni er skipt upp í mengi þar sem eiginleikar verkanna kallast á innbyrðis en þau skarast auðvitað víðar.

Raunsæi og náttúra

Miðsvæði salarins er tileinkað landslagi og náttúru. Þar liggur rauður þráður í gegnum verk feðganna **Hrings Jóhannessonar** (1932-1996) og **Þorra Hringssonar** (1966) sem spanna þau fimm tíu ár sem sýningin tekur til. Þrátt fyrir tengslin og að þeir fangi jafnvel sömu viðfangsefnin er fróðlegt að sjá hve ólíkir listamenn þeir eru. Á sjöunda áratugnum fékkst Hringur við landslag með abstrakt ívafi en um 1970 kom hann fram með verk í þeim natúralíska anda sem hann varð kunnur fyrir. Framan af fékkst hann við nærumhverfi sitt og hversdagsleikann, síðar

tengsl manns og náttúru. Verk Hrings hafa sterka formræna byggingu og handbragðið er persónulegt. Seint á niunda áratugnum vék myndefni tengt manngerðum hlutum fyrir hreinum náttúrumyndum, pensilskriftin varð lausari og stefndi í ímpressjónískar áttir um það leyti sem hann féll frá. Sonur hans, Þorri, hafði fengist við verk í anda ljósmyndaraunsæis – eins og sjá má annars staðar í salnum – en um aldamótin sneri hann sér að náttúrunni og hefur einskorðað sig við hana síðustu tvo áratugi. Hann notast við sömu vinnustofu í Aðaldal og faðir hans og stundum má greina sömu staði eða mótíf í verkum þeirra. Nálgun Þorra er af öðrum toga og mætti ef til vill fremur tengja aftur til skandinavísku aldamótamálaranna á meðan Hringur spratt úr mörkum móðernisma og póst-móðernisma. Þorri hugsar síður um form í verkum sínum og fremur um inntak. Hann kljást við fegurðina, hið fallvalta og óhöndlanlega. Viðfangsefnið er oftar afmarkað náttúrufyrirbæri fremur en landslag og sjóndeildarhringur, maðurinn virðist hvergi nærri.

Eftir áralangan feril sem abstraktmálari sneri **Eiríkur Smith** (1925-2016) sér að raunsærri myndgerð. Kveikjan var áhugi hans á popplist og upp úr 1970 tók hann að mála verk í æ raunsæislegri stíl og náði mikilli færni í olíu og vatnslitum. Viðfangsefni hans voru tilvistarlegs eðlis og í verkunum má gjarnan greina nærveru mannsins, táknmyndir um hverfulleika lífsins og hugleiðingar sem spretta af andlegri leit. **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** (1966) hefur einnig tekist á við mörk abstrakt og veruleika en með því að draga saman fremur en aðgreina. Eiríkur talaði um að hann skynjaði margt sem telja mætti til yfirnáttúru. Sigtryggur Bjarni lýsir vinnu sinni með ekki ósvipuðum hætti, nema ef kalla skyldi ofurnáttúru, því að hann stillir loftnet sitt fyrir hverju því hljóðlata hvískri sem náttúran kann að tjá honum. Verk hans eru hluti af viðvarandi samtali þar sem sífelld undrun listamannsins gagnvart viðfangsefninu verður að lofsöng.

Þura - Þuríður Sigurðardóttir (1949) byggir verk sín einnig á einlægri ást á náttúrunni. Sú ást er blandin ótta um eyðileggingu og mörg viðfangsefni hennar spretta af áhrifum mannsins á umhverfið. Hún malar upphafnar myndir af illgresi sem við útrýmum úr gördum okkar, mýrunum sem eru ræstar fram og síðustu ár hafa hinir bráðnandi

jökla átt hug hennar. Hér eru ný verk sem sýna hvernig hún gaumgæfir jökulinn í nærmynd og í einu verki fangar hún gróðurinn sem sprettur við hörfandi jökuljafðarinn. Nærmynd gróðurs og náttúru er viðfangsefni **Eggerts Péturssonar** (1956) sem fyllir myndflötinn blómum og laufum. Sem kunnugt er teiknaði Eggert myndlýsingar í handbók um íslenska flóru á sínum tíma og er nákvæm eftirmynd náttúrunnar undirstaða verka hans. Hann gengur þó mun lengra en að gaumgæfa fyrirmyndina; byggir upp málverk sín í ótal lögum og leikur sér með form og líti á eigin forsendum þannig að eftir standa verk sem eiga engan sinn líka.

Raunsæi og mannamyndir

Að fanga manneskju í mynd er sígilt verkefni myndlistar alla tíð. Ljósmyndatækni opnaði nýja gátt í þessum efnum og málverkið tók breytingum með hliðsjón af orðræðunni um hana. Listmálarar ýmist gengu skrefinu lengra í tækni og nákvæmni eða leituðu með markvissari hætti til sögulegra hefða.

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir (1973) hefur sérhæft sig í málverkum af fólki, einkum og sér í lagi af börnum. Hún setur fram hugleiðingar um eðli miðilsins í verkum sem máluð eru að hluta en striginn ómálaður að öðru leyti. Tæknin leikur í höndum hennar og manni verður hugsað til ljósmynda, ekki síst þar sem hún – líkt og ljósmyndari – skapar leikræna stemningu með uppstillingu persóna, fatavali og bakgrunni. **Karl Jóhann Jónsson** (1968) leikur sér einnig með frásögn í mannamyndum sínum en skírskotar til málverkasögunnar þar sem hann grípur til táknmynda og sígildra mótifa. Hér má sjá verk sem hann hefur málað af sjálfum sér og fjölskyldu sinni. Í sjálfsmyndinni „Birtan við Skagen“ vísar hann til ástar sinnar á norrænum natúralisma sem kom fram á 19. öld hjá Skagen-málurunum.

Guðjón Ketilsson (1956) hefur bæði í tvívíðum verkum sínum og skúlptúrum sýnt fram á einlægan áhuga á yfirborði og efniskennd. Skrásetning hans á eigin líkama hefur staðið í um áratug þar sem hann gaumgæfir afmarkaðan blett hverju sinni og teiknar á pappír með óhemju nákvæmu handbragði. Hverri teikningu fylgir spegilmynd sem er frjáls útfærsla listamannsins, innblásin af fyrirmyndinni en sjálfstæð og óhlutbundin eins og kortlagning á framandi landslagi. Raunsæi kemur aðeins fram í hluta verka Guðjóns og er þáttur í mun viðameira verk-

efni sem snýr að áhuga hans á þeirri gagnvirkni sem ríkir á milli hugar og handar.

Mannamyndir **Hallgríms Helgasonar** (1959) og **Ragnhildar Jóhannsdóttur** (1977) byggja á hugmyndafræðilegum grunni. Þær standa sem táknmyndir fyrir sitthvorn endann á ríki feðraveldisins; virðingarröttur til feminista samtíms og nostalgískt endurlit til karlmenskugilda fyrri tíðar – hvort tveggja sett fram með skemmmilegri blöndu af ást og íroníu. Hallgrímur malar risastórt málverk af karlakórnum Heimi í Skagafirði sem stendur í hátíðarklæðnaði á sviðspöllum. Listamaðurinn leikur sér gjarnan að ímyndum, gervum og klisjum og skorast sjálfur ekki undan því að máta sig við misáreennileg hlutverk sem hliðarsjálfíð Grim. Ragnhildur setur fram málverk af konum að lesa ástarsögu frammi fyrir blómskrúði. Fyrirsæturnar eru nafnkunnar fyrir að stíga fram í feminískri umræðu og hér taka þær þátt ásamt Ragnhildi í að snúa út úr staðalímyndum og kynbundnum gildum.

Raunsæi og endurvinnsla

Eftir að hafa málað verk í súrrealískum anda framan af ferlinum sneri **Erró** (1932) sér á ofanverðum sjöunda áratugnum að því að safna prentuðum myndum sem hann klippti saman og málaði eftir. Margbrotin klippimyndamálverk hans byggjast á brotum úr teiknimyndum, auglýsingum, fréttamyndum, sögulegum málverkum og öðru fundnu myndefni. Með því sem kallað hefur verið „popp-barokk“ fann Erró upp sjónrænt tungumál sem afhjúpar og gagnrýnir gangverkið í neytslufélags samtímans. Nú á tímum stanslauss ímynda- og upplýsingaflæðis stafrænu aldarinnar hafa verk hans öðlast uppfærða merkingu. **Þorri Hringsson** hóf feril sinn með því að sækja í prentað efni líkt og Erró. Hann málaði eftir myndum í uppskriftabókum, prjónatimaritum og öðru sem hafði verið gefið út nokkrum áratugum fyrr. Þar valdi hann ljósmyndir sem fönguðu yfirkeyrða fegurð andartaksins, konur sem sátu fyrir á kynningarmyndum eða máltíðir sem sýndar voru á dekkjuð borði. Að mála slíkar myndir með raunsæislegum hætti þótti Þorra stangast með áhugaverðum hætti á við óraunveruleika myndanna. Hann reyndi að fanga eitthvað sem yrði alltaf utan seilingar. Með þessi málverk í huga er forvitnilegt að skoða náttúrumyndir hans sem tóku við eftir þetta skammvinna tímabil. **Þóra** valdi nýstárlega

leið í anda poppaðrar endurvinnslu þegar hún dró fram muni úr geymslunni, persónulega muni jafnt sem tákmyndir neyðslusamfélagsins sem höfðu tapað notagildi sínu en hún hafði af einhverjum ástæðum hikað við að henda. Hún málaði af kostgæfni eftirmynd af hverjum hlut í raunstærð á ferhyrndan striga og nefndi innsetninguna „Ágrip“.

Raunsæi og abstrakt

Með því að blanda saman abstrakt og fígúratífu myndmáli í einu og sama verkinu beina listamenn sjónum að eðli málverksins. Á hið óhlutbundna betur heima á tvívíðum fleti en misjafnar tilraunir til þess að mála þar eftirmynd af raunveruleikanum? Eða eru þetta tvær hliðar á sama peningi sem snýr að skynjun mannsins almennt, hvernig sjónin virkar og hvernig úrvinnslu okkar á umhverfinu er háttáð? **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** hefur prófað ýmsar leiðir í málverkum sínum sem hafa alltaf skírskotun til náttúrunnar en hann gengur mislangt í túlkun sinni. Hann hefur sem dæmi alla tíð haldið tryggð við rendur og doppur í verkum sínum en nær samt að miðla ósvikum hughrifum speglunar. Hann hefur farið fram og tilbaka í myndrænni úrvinnslu á náttúrulegum móttífum og abstrakt mynstri.

Helena Margrét Jónsdóttir (1996) malar flöt form í hreinum litum en innan um bætir hún við ofurraunsæilegum myndum af ýmsum hlutum og líkamsþörlum. Hún færir sér í nyt margs konar bjögun sem á sér stað í gegnum stafræna myndvinnslu og fyrir vikið verða verkin á einhvern furðulegan hátt mjög nútímaleg um leið og þau skírskota til airbrush-auglýsingateikninga fyrir tíma Photoshop. **Gústav Geir Bollason** (1966) fer um víðan völl í innsetningu sem hann nefnir eftir kaffihúsi sem hann sótti gjarnan þegar hann var búsettur í Frakklandi, „Au Clair de Lune“. Hann malar af mikilli nákvæmni smá mynd frá kaffihúsinu og aðra af manni sem situr undir styri vörubifreiðar. Þessar tvær ólíku myndir kallast á við þar óhlutbundinna málverka og óræðar, finlegar teikningar. Listamaðurinn fær áhorfandann til að flakka á milli þessara stefa svo úr verður leikur á mörkum skynjunar og skilnings.

Raunsæi og frásögn

Gústav Geir á tvær stórar kolateikningar, „Bóndi“ og „Veidimaður“, sem minna á svarthvítar ljósmyndir eða uppstækkaðar stillimyndir úr gamalli kvikmynd. Listamaðurinn hefur síðustu á milli sífellt meira á sviði kvikmynda og myndbandsinnsetn-

inga og eru verk hans í aðra miðla gjarnan samtvinuð því. Teikningarnar eru nokkurs konar skissur að senum úr kvikmyndum sem síðan urðu eða urðu ekki til. Gústav Geir lítur á raunveruleikann í ljósi stöðugrar framvindu fremur en kyrrstöðu, þar sem allt er undir orpið breytingum og hrörnum. **Kristinn Guðbrandur Harðarson** (1955) notar raunsæisleg málverk sem hluta af viðleitni sinni til að skrá og segja sögur. Það er eins og hann staldri við í hversdagslegu augnabliki rislittillrar atburðarásar og gerir því síðan hátt undir höfði með því að verja tíma í að mála það eins vandlega og honum er unnt. Málverkin eru byggð á skyndiljósmyndum sem hann tekur hér og hvar og þeim fylgir stuttur texti sem lýsir aðstæðum, stund og stað.

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur (1956, 1964) hafa stundað málun sem tvíeyki um all-nokkurt skeið. Verk þeirra eru sjálfsævisögu- leg þar sem þær skírskota til hversdagslegra atburða, dramatískra, fyndinna, skríttinna og fallegra. Þær sækja óhikað í listasöguna eða í heim dægurmenningar um leið og þær sviðsetja eigin veruleika, þar sem fjölskylda og vinir leika sitt hlutverk. Aðferðafræði þeirra við að skapa verk í samvinnu er háð nokkrum einföldum reglum, til dæmis að þær megi aldrei vinna í verkunum hvor í sínu lagi heldur alltaf saman. Þegar **Erla S. Haraldsdóttir** (1967) malar verk fylgir hún mótaðri aðferðafræði og leikreglum. Hún leitar til fólks í kringum sig og falast eftir fyrimælum, hugmyndum og verkefnum sem hún síðan uppfyllir eftir þar til gerðu ferli. Stundum einsetur hún sér að fylgja eigin fyrimælum sem hún setur saman nánast af handahófi. Hún leitast síðan við að mála sem raunsannasta mynd með öllum þeim tæknilegu og fagurfræðilegu aðferðum sem henni eru tamar .

Að endingu eru nokkur málverk úti á ganginum sem vegfarendur í garðinum geta notið í gegnum gluggana. Á göngu í skammdeginu fékk **Hallgrímur Helgason** eitt sinn þá hugmynd að fanga myrkrið í málverki. Niðurstaðan kom fyrir sjónir almennings á sýningunni „Málað á myrkur I – Fyrir utan húsið þitt, um nótt, á meðan þú sefur“. Hvert verk sýnir heimili ónefndra einstaklinga þar sem dókkum bíl, gjarnan jeppa, er lagt fyrir utan. Verkaröðin endurspeglar íslenskan veruleika og gengur óþægilega nærri áhorfendum því að maður fær á tilfinninguna að listamaðurinn kunni að lúra í myrkrinu hvar og hvenær sem er.

Many artists seek to achieve an impression of realism in their works. In order to reach their goal, they adopt skills that require training and technology, as well as paying attention to various details. When successful, the stunned and amazed viewers cannot believe their own eyes. But is everything as it seems in paintings and other two-dimensional works created in a realistic style?

Looking over the half-century history of Icelandic realist painting, it turns out that artists engage with this approach on very different grounds. Ever since pop art, until the digital revolution of our time, countless threads may be traced through photorealism, hyperrealism, magic realism and the like. The subjects are of various kinds; nature, human beings and their surroundings, still life and narratives, the mediation of images and the nature of our field of vision. This is where familiar boundaries overlap; between high and low art, craft and content, art and kitsch. Reality has countless manifestations when brought to the canvas.

In this exhibition, the focus is on artists who have all spent the majority of their career dealing with the visible reality and media through their work. Inevitably, fiction and abstraction play a part, but the line is drawn at pure fantasy and surrealism. This involves the process from the eye to the fingertips and onto the two-dimensional plane. The artist's eye is preoccupied with different things – the immediate surroundings or media such as photos or computer screen. The exhibition is divided into sets of works with similar attributes, but they also overlap in many other ways.

Realism and Nature

The centre in the gallery is dedicated to landscape and nature. A connecting thread lies between the works of **Hringur Jóhannesson** (1932–1996) and **Þorri Hringsson** (1966) which span the whole fifty years of the exhibition. Despite their family connection and them even dealing with the same subjects, it is interesting to see how different they are artistically. During the 1960s, Hringur painted landscapes, embedded with abstraction, but around 1970 he began working in the naturalistic spirit which he became known for. In the beginning, he painted his microenvironment and everyday life, later the connection between man and nature. Hringur's work is strongly constructed form-wise,

with a personal expression. Late in the 1980s, subjects connected to manmade items gave way to pure nature images, the brush strokes became freer, heading in an impressionist direction around the time of his death. His son, Þorri, had been preoccupied with photorealistic work – as can be seen elsewhere in the gallery – but around the turn of the century he turned towards nature, which has been his exclusive subject for the last two decades. He uses the same studio in Aðaldalur as his father did and sometimes the same places or motifs can be distinguished in their works. Þorri's approach is different and might even be connected to Scandinavian turn of the century painters, whereas Hringur sprung from the boundaries of modernism and postmodernism. Þorri deals less with form and more with content. He grapples with beauty, the transient and the unattainable. The subject is more often a specific natural phenomenon than landscape and horizon; man is nowhere to be seen.

After years as an abstract painter, **Eiríkur Smith** (1925–2016) turned to more realistic imaging, inspired by his interest in pop art. From 1970, his paintings became increasingly realistic and he became very skilled with oils and water colours. His subjects were of an existential nature and his work often contain the presence of man, symbols for the impermanence of life and thoughts inspired by a spiritual search. **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** (1966) has also dealt with the line between abstraction and reality, but by combining rather than separating. Eiríkur claimed to sense many things which could be considered supernatural. Sigtryggur Bjarni describes his work in a similar manner, except it might be called hyper-natural, as he adjusts his aerial to any quiet whisper he detects in nature. His works are a part of an ongoing conversation where the artist's continuous wonder towards his subject becomes a song of praise.

Pura – Þuríður Sigurðardóttir (1949) bases her work also on a sincere love for nature. This love is mixed with fear of destruction and many of her subjects have to do with man's impact on their environment. She paints glorified images of weeds which we eliminate from our gardens, moorland which is being drained, and in recent years the melting glaciers have captured her interest. Here we see new works where she examines the glacier close-up and in one painting she captures the vegetation which grows by the receding

glacier edge. Close-ups of vegetation and nature are the subject of **Eggert Pétursson** (1956) who covers the picture plane with flowers and leaves. Eggert is widely known for his illustrations in the handbook for Icelandic flora and he bases his works on a precise reproduction of nature. However, he doesn't only examine the original; he constructs his paintings in many layers and plays around with form and colour on his own terms, creating work which is completely unique.

Realism and Portraits

Capturing people in an image has been the preoccupation of artists since forever. The arrival of photography opened up a whole world of possibilities and as a result of the ensuing discussion, the painting was transformed. Artists either stepped up their techniques and precision or sought historic traditions more systematically. **Hlaðgerður Íris Björnsdóttir** (1973) has specialised in paintings of people, particularly children. She ponders the nature of the medium in works which are half-painted but the canvas apart from that left blank. She is very adept at this technology and one can't help but think of photographs, especially as she – like a photographer – creates a dramatic atmosphere through poses, clothes and background. **Karl Jóhann Jónsson** (1968) also plays around with narrative in his portraits but he references art history and utilises symbols and classic motifs. Here, we see paintings of himself and his family. The self-portrait "Light at Skagen" shows his affection for Nordic naturalism which appeared with the Skagen painters in the 19th century.

In his two-dimensional works and sculptures, **Guðjón Ketilsson** (1956) has shown a sincere interest in surface and materiality. His documentation of his own body has been going on for more than a decade; he examines a well-defined area each time and sketches incredibly precisely on paper. Each drawing is accompanied by a mirror image which is the artist's free execution, inspired by the original but independent and abstract like a map of unfamiliar landscape. Realism only appears in a part of Guðjón's works, as a part of a much more extensive project regarding his interest in the interaction between mind and hand.

The portraits of **Hallgrímur Helgason** (1959) and **Ragnhildur Jóhannsdóttir** (1977) are based on an ideological foundation. They

stand as symbols for either end of the patriarchy; a tribute to today's feminists and a nostalgic flashback to the macho values of old – both displayed with a fun mix of love and irony. Hallgrímur paints a giant painting of the male choir Heimir in Skagafjörður, formally dressed on the stage. The artist likes to play around with images, costumes and clichés and doesn't shy away from trying on challenging roles himself as his alternate self, Grim. Ragnhildur displays paintings of women reading romance novels in front of a flowery background. The models are known for their participation in feministic discussion and here they, along with Ragnhildur, participate in twisting stereotypes and gender-related values.

Realism and Recycling

In the late 1960s, after painting surrealist paintings at the start of his career, **Erró** (1932) started collecting printed images which he assembled in collages and painted from. His complex collage paintings are based on snippets from cartoons, advertisements, newsreels, historic paintings and other found material. With his personal "pop-baroque", Erró created a visual language which exposes and criticises the mechanisms in today's consumer society. At the present times of continuous flow of images and information in the digital age, his work has gained an updated meaning. Like Erró, **Þorri Þringsson** started his career by seeking out printed materials. He painted from photos in recipe books, knitting magazines and other material which had been published a few decades previously. From there, he selected photos which captured the overabundant beauty of the moment; women posing in advertisements or meals shown on a bedecked table. By painting these unrealistic pictures in a realistic fashion, Þorri created an interesting contrast and tried to capture something which would always be out of reach. It is interesting to view his nature artwork with the paintings from this short-lived period in mind. **Pura** chose an unusual way, in the spirit of pop recycling, when she took items from her storage space, personal things as well as symbols of the consumer society which had lost its value but she had been reluctant to throw out. She painted a meticulous replica of each item in its original size on a square canvas, naming the installation "Résumé".

Realism and Abstraction

By mixing abstract and figurative imagery in one and the same work, artists focus on the nature of the painting. Is the abstract better suited to a two-dimensional plane than patchy attempts to create a replica of reality? Or are these two sides of the same coin, regarding man's perception in general, how vision works and how we process our environment?

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson has tried different things in his paintings, which always contain a reference to nature but his interpretation is varied. For example, he has always used stripes and dots in his works but he still manages to communicate a real reflection impression. He has been back and forth in his graphic processing of natural motifs and abstract patterns. **Helena Margrét Jónsdóttir** (1996) paints clear forms in pure colours but in between she adds hyperrealistic images of different items and body parts. She uses various distortions which happen in digital image processing, making the work weirdly modern while also referencing the airbrush advertisements before Photoshop. **Gústav Geir Bollason** (1966) takes an extensive approach in an installation which he names for a café which he frequented while living in France, "Au Clair de Lune". With great precision he paints a small image from the café and another one of a man behind the steering wheel of a lorry. These two different images echo a pair of abstract paintings and inscrutable, delicate drawings. The artist gets the viewer to go back and forth between the two themes, creating a game on the boundary of perception and understanding.

Realism and Narrative

Gústav Geir has two large charcoal drawings; "Farmer" and "Hunter" which are reminiscent of black and white photos or enlarged stills from old movies. In recent years, the artist has increasingly worked in films and with video installations and his work in other media is often intertwined. The drawings are sketches of sorts, for movie scenes that may or may not have become a reality. Gústav Geir views reality in light of continuous progress rather than status quo, where everything is subject to change and decay. **Kristinn Guðbrandur Harðarson** (1955) uses realistic paintings as a part of his efforts to document and tell stories. He appears to take a pause in a mundane moment of a trivial plot, and then glorify said moment by spending time painting it as carefully as possible. The paintings are based on snapshots from here, there and everywhere,

and accompanied by a short description of the conditions, time and place.

Sara and Svanhildur Vilbergsdaughters

(1956, 1964) have painted as a duo for a while. Their work is autobiographical, referencing everyday events; dramatic, funny, weird and beautiful. They unhesitatingly seek inspiration in art history or popular culture when staging their own reality where their family and friends play a role. Their methodology of creating work together has a few simple rules; for example they can never work on the pieces separately, they must always do it together. When **Erla S. Haraldsdóttir** (1967) paints, she adheres to a systematic methodology and rules. She reaches out to people around her, requesting instructions, ideas and projects which she then carries out via a special process. Sometimes she decides to follow her own instructions which she assembles almost randomly. She then tries to paint as true an image as possible, with all the technical and aesthetic methods she can master.

Finally, a few paintings are displayed in the hallway that people walking in the park may enjoy through the windows. While out walking in midwinter one time, **Hallgrímur Helgason** got the idea of trying to capture the darkness in a painting. The results appeared to the public in the exhibition "Acrylic on Darkness I – Outside Your House, While You Are Sleeping". Each painting shows an unnamed home with a dark car, preferably a jeep, parked outside. The series reflects Icelandic reality and is also quite uncomfortable as it suggests that the artist can be lurking around in the dark at any given moment.

**Allt sem sýnist –
Raunveruleiki á striga
1970–2020**

What It Seems –
Reality on Canvas
1970–2020

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir
25.06.–04.10.2020

Listamenn

Artists

Eggert Pétursson

Eiríkur Smith

Erla S. Haraldsdóttir

Erró

Guðjón Ketilsson

Gústav Geir Bollason

Hallgrímur Helgason

Helena Margrét Jónsdóttir

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir

Hringur Jóhannesson

Karl Jóhann Jónsson

Kristinn Guðbrandur Harðarson

Ragnhildur Jóhannsdóttir

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson

Þorri Hringsson

Þura – Þuríður Sigurðardóttir

Sýningarstjóri

Curator

Markús Þór Andrésson

Dagskrá

Program

Sunnudag 5. júlí kl. 14.00

Leiðsögn listamanna

Sunday 5 July at 14h00

Artists' Talk

Sunnudag 6. september kl. 14.00

Leiðsögn sýningarstjóra

Sunday 5 September at 14h00

Curator's Talk

**Nánari upplýsingar um leiðsagnir, Leikum
að list og aðra dagskrá á heimasíðu safnsins**

Further information on guided tours. Let's Play
Art and other program on museum website

**Stórum og smáum hópum er
velkomið að bóka sérleiðsögn**

Small or large groups are
welcome to book private tours

**Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim
listamönnum, söfnum, stofnunum og
einkaaðilum sem lánuðu verk á sýninguna**

The Reykjavik Art Museum wishes to thank
artists, museums, institutions and private
parties who lend works to the exhibition



Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opið daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

